

Frumvarp til laga

um vinnustaðanámssjóð.

(Eftir 2. umræðu, 18. júní.)

1. gr.

Gildissvið og yfirstjórn.

Vinnustaðanámssjóður veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Um vinnustaðanám fer eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla.
Ráðherra fer með yfirstjórn vinnustaðanámssjóðs.

2. gr.

Hlutverk vinnustaðanámssjóðs.

Hlutverk vinnustaðanámssjóðs er að bæta stöðu starfsmenntunar og stuðla að eflingu vinnustaðanáms með því að:

- a. auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla,
- b. koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og
- c. auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á náms- eða starfsþjálfunarsamning.

3. gr.

Stjórn vinnustaðanámssjóðs.

Ráðherra skipar níu aðalmenn og níu til vara í stjórn vinnustaðanámssjóðs til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag íslenskra framhaldsskóla, Samband íslenskra framhaldsskólanema, Kennarasamband Íslands og fjármálaráðuneyti tilnefna einn aðalman og einn varamann í stjórn sjóðsins. Formaður og varamaður hans eru skipaðir án tilnefningar.

Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalman í stjórn vinnustaðanámssjóðs lengur en tvö samfelld tímabil.

4. gr.

Úthlutanir úr vinnustaðanámssjóði.

Stjórn vinnustaðanámssjóðs tekur ákvörðun um veitingu styrkja og er grundvöllur fyrir styrkveitingu að fyrir liggi samningur milli nemanda, framhaldsskóla og fyrirtækis eða stofnunar um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað. Við mat á umsóknum er stjórninni heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Ákvarðanir um úthlutun úr vinnustaðanámssjóði verða ekki kærðar til æðra stjórnvalds. Stjórn vinnustaðanámssjóðs skal birta opinberlega yfirlit yfir styrkveitingar sínar. Ráðherra setur úthlutunarreglur fyrir vinnustaðanámssjóð að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

Ráðherra er heimilt að semja við þar til bærar aðila um að annast umsýslu sjóðsins.

5. gr.

Tekjustofnar vinnustaðanámssjóðs.

Framlög í vinnustaðanámssjóð eru ákveðin af Alþingi í fjárlögum hvers árs.

6. gr.

Mat og eftirlit.

Stjórn vinnustaðanámssjóðs hefur eftirlit með nýtingu fjármuna sjóðsins og getur kallað eftir upplýsingum frá umsýsluaðila um meðferð og nýtingu fjárins verði nýtt heimild í 5. mgr. 4. gr. til að fela þar til bærum aðila umsýslu sjóðsins. Stjórnin skilar árlega skýrslu til ráðherra.

7. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.